

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Suðurlandsbraut 8 og 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 3. júní 2016 breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðanna nr. 8 og 10 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst sameining lóða og að fella úr gildi byggingarreit fyrir tengigang milli bygginga á 4. og 5. hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hlíðarendi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 15. júní 2016 breytingu á skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda frá 2015. Í breytingunni felst uppfærsla á skilmálatöflu þannig að B og C rými eru færð inn í töflugerðina með tilheyrandi breytingum á nýtingarhlutfalli. Breytingin nær til allra reita í Hlíðarendaskipulagi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 22. júní 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2016